

3. fundur stjórnar Beint frá býli, haldin í Edduveröld, Borgarnesi 3.september 2013

Allir aðalmenn mættir, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðfest fundargerð síðasta fundar, samþykkt.
2. Samþykkt á nýjum bæjum.

Eftirfarandi bæir hafa sótt um aðild að félaginu:

Hólabrekka 781 Hornafirði (kartöflukonfekt og kál og fl)
Neðri Hóll 356 Ólafsvík (ýmsar vörur s.s. kjöt, grænmeti,
egg og fl.

Heiðarbær

Hér með eru þessir bæir samþykktir inn sem löggildir félagar.

3. Handverk á Hrafnagili 2013/2014

Formaður greindi frá því að hátíðin í ár gekk vel. Sýnendur og sýningarhaldarar voru mjög ánægðir með helgina. Stjórnin leggur áherslu á að vera með að ári og reyna að undirbúa þátttökuna vel m.a. þannig að hvetja félagsmenn til þátttöku.

4. Markaður í Mjóddinni í haust.

- a. Félaginu hefur verið boðið að koma og setja upp markað í göngugötunni í mjódd. Guðmundur falið að ganga frá samningi við rekstraraðila og stefnt er að markaðshelgi 16-17 nóvember.

Kynningarefni verður útbúið og sent til félaga í lok september.

5. Framtíð Litlu búðanna.

- a. Samþykkt að hætta aðkomu að Litlu búðunum. Bfb á lénið. Guðmundur falið að ganga frá því.

6. Aðgerðir MAST gegn heimavinnslu.

- a. Mast hefur tekið við eftirliti með helstu heimavinnsluaðilum sem framleiða úr mjólk og samin hefur verið skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dyraríkinu, sem stofnunin notar við skoðun á framleiðslustöðum. Greinilegt er að samkvæmt þeirri bók er ekki

gert ráð fyrir að smáframleiðendur fái neinar tilslakanir frá ákvæðum þeim sem í bók þeirri er að finna.

Mast hefur nú gert gangskör að amk tveimur framleiðendum mjólkurvara, þar sem verulegar athugasemdir eru gerðar og kallað á kostnaðarsöm viðbrögð frá stjórnendum á mjög stuttum tíma.

Verði eftirliti með allri heimavinnslu grundvölluð á þessari skoðunar handbók, má búast við að heimavinnsla leggist af.

Á sama tíma og þetta gerist boðar forsætisráðherra, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins að bregðast þurfi við íþyngjandi regluverki á hendur smá fyrirtækja. Þess vegna hefur stjórn Bfb ákveðið að óska eftir fundi með Forsætisráðherra, fulltrúa stjórnar Samtaka atvinnulífsins og formanni Bændasamtaka Íslands, til að ræða framtíð heimavinnslu á Íslandi, með hliðsjón af íþyngjandi regluverki sem og að kalla eftir ákveðnari skilgreiningu á hvað er smáframleiðandi og hvort að heimavinnsla sé smáframleiðandi eða eitthvað annað.

Formanni falið að leita eftir fundi með ofangreindum aðilum.

- b. Stjórn Bfb hefur falið lögmanni félagsins að mótmæla þessu vinnulagi sem stofnunin hefur viðhaft og ætlar að viðhafa.

Formanni falið að fylgja því máli eftir.

- c. Stjórnin leggur mikla áheyrslu á að sem allra fyrst ljúki Mast við að skilgreina smáframleiðendur og smáframleiðslu og meðhöndli þá sem slíka.

7. Önnur mál:

- a. Bfb hefur verið boðið að kaupa lénið beint frá bónda. Samþykkt að afþakka það.
- b. Rætt um að skoða hvort að Bfb ætti að taka þátt eða láta útbúa App fyrir félagið þar sem fram koma upplýsingar um býli sem eru félagar ásamt fleiri upplýsingum.
- c. Formaður hefur sótt um til framkvæmdanefndar um búvörusamninga, að félagar fái að nota sína umframmjólk til framleiðslu og sölu á vörum innanlands. Ekki hefur borist svar frá framkvæmdanefndinni.
- d. Formaður sendi Mast erindi með ósk um fund um málefni heimavinnsluaðila 31. janúar sl. Svar barst 26. júní, þar sem Mast hafnar ósk um fund og vísar í að verklagsreglur stofnunarinnar

kveði á um að stofnunin sendi nýjar reglur til umsagnar hagsmunaaðila og vill gjarnan við hafa það verklag áfram. Það er túlkun stjórnar Bfb að þetta svar sé því höfnun á ósk um fund og þykir stjórn Bfb það miður.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Þorgrímur ritaði fundargerð.